



Kæru stjórnir frístundahúsafélaga í Grímsnes- og Grafningshreppi,

Mikið hefur gengið á í samfélaginu okkar undanfarnar vikur og hefur það vafalaust haft áhrif á okkur öll, á einn eða annan hátt.

Daglegt líf flestra hefur farið úr skorðum og ekkert eins og það er vant að vera. Við erum öll í þessum aðstæðum og ef fólk hefur spurningar eða vill ræða málin þá er hægt að hafa samband við Hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717.

Líkt og þið vitið eflaust þá hafa síðustu dagar farið í að moka aðalleiðir og botnlanga í frístundahúshverfum sveitarfélagsins og ættu því allar helstu leiðir að vera orðnar færar eftir snjópunga daga.

Við viljum hvetja ykkur öll til að taka tilmælum almannavarna og sóttvarnalæknis alvarlega, þar sem fólk er hvatt til þess að takmarka ferðalög um páskana og ferðast ekki að óþörfu.

Við viljum þó biðla til ykkar að ef þið ákveðið að fara í frístundahúsin ykkar um páskana **að fara sparlega með heita vatnið.**

Það hefur verið kalt í veðri og því mikið álag á hitaveitu sveitarfélagsins og gæti þar af leiðandi orðið vart við lægri þrýsting.

Ykkur til upplýsinga þá mun sveitarstjórn taka fyrir heitavatns mál sveitarfélagsins á næsta sveitarstjórnarfundum og skoða hvað sé hægt að gera.

Í viðhengi eru upplýsingar frá Lögreglustjóra Suðurlands og formönnum almannavarnanefnda á Suðurlandi.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Við viljum einnig nýta tækifærið og upplýsa ykkur um að öll starfsemi sveitarfélagsins hefur á undanförnum dögum og vikum riðlast til á einn eða annan hátt.

Inn á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is er hægt að nálgast nánari upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins.

Við viljum einnig vekja athygli ykkar á því að vegna þessara fordæmalausu aðstæðna sem eru í samfélaginu hefur verkefninu okkar um grenndarstöðvarnar verið frestað tímabundið.